

Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK  
Ísland

Reykjavík, 5.2.2025  
Tilvísun: 202501-000022/6.01.04

### Varðandi

## Umsókn Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera í afmörkunarflokkum 1 og 2

Vísað er til erindis stofnunarinnar með fylgigögnum (Tilvísun: Tölvupóstur frá UST/ESF 3.1.2025) þar sem óskað er eftir afstöðu Vinnueftirlitsins til flokkunar athafnasvæðisins og aðstöðunnar vegna afmarkaðrar notkunar erfðabreyttra örvera í afmörkunarflokkum 1 og 2 í Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum (kt. 650269-4549) að Keldnavegi 3 í Reykjavík.

Vinnueftirlitið yfirfór umsóknina og fylgigögn fyrirtækisins. Auk þess fór Vinnueftirlitið í reglubundna eftirlitsheimsókn á báðar starfsstöðvar fyrirtækis sbr. eftirlitsskýrsla nr. V202502-SEN-0387686

Vinnueftirlitið gerir ekki athugasemd við upplýsingar í umsókn Tilraunastöðvarinnar varðandi heilbrigðissjónarmið.

Vinnueftirlitið gerir ekki athugasemd við flokkun Umhverfisstofnunar sem flokkar starfsemina undir afmörkunarflokka 1 og 2, skv. 5. gr. og viðauka 4, í reglugerð nr. 275/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra örvera.

Virðingarfyllst,  
f.h. Vinnueftirlitsins



Sigurður Einarsson  
Sérfræðingur á vinnuverndarsviði

